

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 24. mars 2026.

Mál nr. 74/2026:

Ákærvaldið

(Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir settur saksóknari)

gegn

X,

(Snorri Sturluson lögmaður)

Y,

(Almar Þ. Möller lögmaður)

Z,

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

Þ,

(Ingi Freyr Ágústsson lögmaður)

Æ,

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Ö og

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

XX

(enginn)

Lykilorð

Kærumál. Ákæra. Líkamsárás. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Útdráttur

Varnaraðilum öllum var í I. kafla ákæru gefið að sök brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 með því að hafa í félagi veist með ofbeldi að A í kjölfar þess að hann kom B til aðstoðar eftir að Æ réðst á hann, sbr. II. kafla ákæru. Með hinum kærða úrskurði var máli varnaraðila vísað frá í heild sinni, þar á meðal bótakröfum, en ákæran var ekki talin uppfylla lágmarkskröfur um skýrleika sbr. c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í úrskurði Landsréttar kom meðal annars fram að ekki væru slík tvímæli um hverjar sakargiftir væru samkvæmt I. kafla ákærunnar að með réttu yrði talið að torvelt væri fyrir varnaraðila að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum í málinu, en úrlausn þess hver hefði verið þáttur hvers og eins varnaraðila heyrði til efnisúrlausnar málsins. Þá taldi Landsréttur að þó svo fallast mætti á með Æ að orða hefði mátt verknaðarlýsingu í II. kafla ákærunnar með fyllri og skýrari hætti yrði allt að einu af henni ráðið að honum væri gefin að sök líkamsárás með því að hafa á fyrrgreindum stað og tíma, með tveimur atlögum, veist að brotþola B með ítrekuðum hnefahöggum og að minnsta kosti eitt þeirra högga sem Æ hefði veitt B í fyrri atlögunni hefði hafnað í höfði hans. Að þessu gættu þótti verknaðarlýsing í II. kafla ákæru vera nægjanlega

skýr svo hún teldist uppfylla skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. g. laga nr. 88/2008, sbr. 1. mgr. 180. gr. sömu laga. Var hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramarnir Hervör Þorvaldsdóttir og Kristinn Halldórsson og Eiríkur Elís Þorláksson settur landsréttardómari kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 23. janúar 2026 sem barst réttinum ásamt kærúmálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 2026 í málinu nr. S-[...]/2025 þar sem málinu var vísað frá í heild sinni. Kæruheimild er í t-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2 Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.
- 3 Varnaraðilar, aðrir en varnaraðili XX, sem ekki hefur látið málið til sín taka fyrir Landsrétti, krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefjast þeir kærúmálskostnaðar eða eftir atvikum þóknunar til handa skipuðum verjendum sínum.

Niðurstaða

- 4 Ákærandi höfðar sakamál með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. skal í ákæru greina, svo glöggst sem verða má, hver sú háttsemi er sem ákært er út af og hvar og hvenær brotið er talið framið. Skýra ber tilvitnuð fyrirmæli ákvæðisins svo að lýsing á þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru verði að vera svo greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni hvaða háttsemi hann er sakaður um. Ekki mega vera slík tvímæli um hverjar sakargiftir eru að með réttu megi telja torvelt fyrir ákærða að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum í málinu. Þá verður ákæra jafnframt að vera svo skýr að hún leggi viðhlítandi grundvöll að saksókninni svo dómur verði lagður á málið í samræmi við ákæru, sbr. meginreglu 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.
- 5 Í I. kafla ákæru málsins er varnaraðilum öllum gefið að sök brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst 2022, utandyra á [...] í Reykjavík. Nánar tiltekið er varnaraðilum gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa í félagi veist með ofbeldi að brotþola A í kjölfar þess að hann kom brotþola B til aðstoðar eftir að varnaraðili Æ réðst á hann, sbr. II. kafla ákæru, en varnaraðilar eru sagðir hafa slegið A nokkur högg í höfuð og búk, sparkað tvívegis í afturhluta hans og tekið hann hálstaki, og eftir að hann féll í jörðina hafi varnaraðilar slegið og sparkað endurtekið í höfuð hans og búk þar sem hann lá á jörðinni, allt með þeim afleiðingum sem nánar greinir í ákæru.

- 6 Atvik máls og eðli ætlaðs brots hafa áhrif á þá kröfu sem gera verður til skýrleika ákæru samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Eins og áður var lýst er byggt á því í ákæru máls þessa að varnaraðilar hafi haft með sér samverknað. Við þær aðstæður verður almennt ekki gerð sú krafa að þætti hvers varnaraðila sé lýst sérstaklega, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 4. apríl 2014 í máli nr. 206/2014. Samkvæmt framansögðu er skilmerkilega rakið í I. kafla ákæru að hin sérstaklega hættulega líkamsárás, sem varnaraðilum er gefið að sök að hafa framið í félagi, hafi falist í því að veitast með ofbeldi að brotþola A með því að slá hann nokkur högg í höfuð og bók, sparka tvívegis í afturhluta hans og taka hann hálstaki, og eftir að hann féll í jörðina hafi varnaraðilar slegið og sparkað endurtekið í höfuð brotþolans og bók þar sem hann lá á jörðinni. Í ákæru er einnig lýst afleiðingum hinnar ætluðu refsiverðu háttsemi varnaraðila og heimfærslu háttseminnar til refsíákvæða. Þá er ákæran skýr um stað og stund ætlaðra brota. Að öllu þessu gættu þykja ekki vera slík tvímæli um hverjar sakargiftir eru samkvæmt I. kafla ákæru að með réttu verði talið að torvelt sé fyrir varnaraðila að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum í málinu, en úrlausn þess hver hafi verið þáttur hvers og eins varnaraðila heyrir til efnisúrlausnar málsins.
- 7 Í II. kafla ákæru er varnaraðila Æ gefin að sök líkamsárás með því að hafa tvívegis veist að brotþola B og slegið hann með krepptum hnefa, að minnsta kosti einu sinni í höfuðið, og í seinna skiptið í kjölfar þess að hann kom brotþola A til aðstoðar, er sætti árás varnaraðila, sbr. I. lið ákæru, allt með þeim afleiðingum sem nánar greinir í ákæru.
- 8 Fallast má á með varnaraðila Æ að orða hafi mátt verknaðarlýsingu í II. kafla ákæru með fyllri og skýrari hætti. Allt að einu verður af henni ráðið að honum sé gefin að sök líkamsárás með því að hafa á fyrrgreindum stað og tíma, með tveimur aðskildum atlögum, veist að brotþola B með ítrekuðum hnefahöggum og að minnsta kosti eitt þeirra högga sem varnaraðili hafi veitt brotþolanum í fyrri atlögunni hafi hafnað í höfði hans. Að þessu gættu þykir verknaðarlýsing í II. kafla ákæru vera nægjanlega skýr svo hún teljist uppfylla skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 1. mgr. 180. gr. sömu laga.
- 9 Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.
- 10 Kærumálskostnaður úrskurðast ekki, sbr. 3. mgr. 237. gr. laga nr. 88/2008.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 2026

I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

1. Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. janúar 2026, var höfðað með ákæru útgefinni af héraðssaksóknara 3. júlí 2025 á hendur X, kt. [...], [...], Y, kt. [...], [...], Z, kt. [...], [...], Þ, kt. [...], [...], Æ, kt. [...], [...], Ö, kt. [...], [...], og XX, kt. [...], [...],

„fyrir eftirtalin hegningarlagaþrot framín aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst 2022, utandyra á [...] í Reykjavík:

I.

Gegn ákærðu öllum fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa í félagi veist með ofbeldi að A, kt. [...], í kjölfar þess að A kom B, kt. [...], til aðstoðar eftir að ákærði Æ réðist á hann, sbr. ákærukafla II, en ákærðu slógu A nokkur högg í höfuð og bók, spörkuðu tvívegis í afturhluta hans og tóku hann hálstaki og eftir að A féll í jörðina, slógu ákærðu og spörkuðu endurtekið í höfuð hans og bók þar sem hann lá á jörðinni, allt með þeim afleiðingum að A hlaut málþrot í vinstra kinnbeini, mar yfir vinstra kinnbeini og báðum gagnaugum, skynskerðingu og dofa á vinstri kinn, u.þ.b. 1 mm sig á vinstra og áfallastreituröskun.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gegn ákærða Æ fyrir líkamsárás, með því að hafa tvívegis veist að B og slegið hann með krepptum hnefa, a.m.k. einu sinni í höfuðið, og í seinna skiptið í kjölfar þess að B kom A til aðstoðar sem ákærðu réðust á, sbr. ákærukafla I, allt með þeim afleiðingum að B hlaut tvo skurði við vinstri augabrún, roða í hvítu vinstra auga, bólgu ofan og neðan við vinstra auga, og væga bólgu yfir vinstra kinnbeini.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Fyrir hönd A, kt. [...], er þess krafist að ákærðu verði dæmdir, in solidum, til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 21.08.2022, til þess dags þegar liðinn er mánuður frá þeim degi sem ákærðu er birt skaðabótakrafa þessi, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að hinir ákærðu verði dæmdir, in solidum, til að greiða A skaðabætur að fjárhæð kr. 47.000,- ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 19.5.2025, til þess dags þegar liðinn er mánuður frá þeim degi sem ákærðu er birt skaðabótakrafa þessi, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða hæfilegan kostnað vegna réttargæslu skv. ákvörðun dómsins, sbr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 217. gr., laga nr. 88/2008. Verði ekki orðið við þeirri kröfu að skipa A réttargæslumann er þess krafist að ákærðu verði in solidum dæmdir til að

greiða lögmannskostnað hans við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi skv. tímaskýrslu og málskostnaðarreikningi sem [lögð] verða fram við meðferð málsins. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflytningu.

Af hálfu B, kt. [...], er þess krafist að ákærða Æ verði gert að greiða honum skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 700.000,- með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 21. ágúst 2022 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt ákærða Æ til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að ákærða Æ verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“

- Við þingfestingu málsins, 25. september 2025, kom fram að ákærðu X, Y, Z, Þ, Ö og XX neituðu sök samkvæmt I. kafla ákæru og höfnuðu bótakröfu. Ákærði Æ sótti ekki þing og var málinu því frestað til 30. október 2025 og í þinghaldi þann dag neitaði hann sök samkvæmt báðum köflum ákæru og hafnaði bótakröfum. Við þingfestingu málsins kom fram að dómari hefði til athugunar hvort vísa bæri I. kafla ákæru frá dómi af sjálfsdáðum vegna ætlaðs óskýrleika verknaðarlýsingar, sbr. 1. mgr. 159. gr. laga nr. 88/2008, en það láðist að bóka um þetta í þingbók málsins, sem og í þinghaldinu 30. október 2025. Í tölvupósti dómara til sakflytjenda síðast nefndan dag upplýsti dómari að til stæði að láta fara fram málflytning um framangreind atriði og fór hann fram 6. janúar sl. og var málið tekið til úrskurðar að loknum málflytningi.
- Ákærvaldið hafnar því að rök standi til þess að vísa ákærukafla I frá dómi hvort heldur sem er af sjálfsdáðum eða samkvæmt kröfum ákærðu. Jafnframt hafnar ákærvaldið því að rök standi til þess að vísa ákærukafla II frá dómi samkvæmt kröfu ákærða Æ þar um. Krefst ákærvaldið þess að málið fái efnismeðferð í heild sinni fyrir dómi. Allir ákærðu gera kröfu um frávisun ákærukafla I og ákærði Æ krefst jafnframt frávisunar ákærukafla II frá dómi. Þá gera verjendur ákærðu kröfu um hæfileg málsvarnarlaun sér til handa.

II

Málavextir

- Upphaf málsins má rekja til þess að þann 31. ágúst 2022 komu brotaþolarnir A og B á lögreglustöð og lögðu fram kærur vegna meintrar líkamsárásar sem þeir hefðu orðið fyrir aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst 2022 á [...] í Reykjavík. Í skýrslum sem teknar voru af þeim hjá lögreglu lýstu brotaþolar atburðarásinni á þann veg að þeir hefðu, ásamt kærustu B og vinkonu hennar, verið að ganga á [...] á leið í leigubifreið. Hefðu þau gengið fram hjá hópi manna sem hefði farið að elta þau og vera með stæla eins og þeir vildu stofna til slagsmála. Mennirnir hefðu tekið eftir að kærasta B var með glóðarauga og farið að saka B um að hafa verið valdur að því. Hefði B skyndilega verið kýldur einu hnefahögg í gagnaugað og hefði A gengið á milli til að verja B en mennirnir þá ráðist á A.
- Nánar tiltekið lýsti B því í framburðarskýrslu sinni að hann hefði verið kýldur einu sinni í andlitið og verið í smástund að átta sig eftir höfuðhöggið, en svo séð A liggjandi á jörðinni og hópurinn þá verið að sparka í höfuð A, hver maðurinn á fætur öðrum. Hefði B þá farið að ýta mönnunum frá A og kærasta B hefði gert það sama, en mennirnir hefðu engu að síður haldið áfram að sparka í höfuð hans. Mennirnir hefðu svo hætt og farið í burtu. Vinkona þeirra sem var með þeim hefði tekið hluta árásarinnar upp á síma sinn. Samkvæmt gögnum málsins leitaði B tveimur dögum síðar á Heilsugæsluna [...] og í læknisvottorði kemur fram að hann hafi fengið hnefahögg í vinstra gagnauga rétt við enda augabrúnar og hvorki rotast né dottið við höggið. Afleiðingum er lýst sem tveimur sárum eða skurðum við augabrúnina, roða í hvítu vinstra auga, bólgu ofan og neðan við augað og vægri bólgu yfir vinstra kinnbeini, sem finnist við þreifingu.

6. Í framburðarskýrslu A kom fram að eftir að hann reyndi að verja B með því að ganga á milli hefðu mennirnir ýtt honum í jörðina og sparkað ítrekað í höfuð hans. Kvaðst hann ekki gera sér grein fyrir fjölda sparka, en hluti þeirra hefði sést á upptöku. Hefði hann ítrekað reynt að standa upp og þá alltaf fengið spark í andlitið aftur. Eftir að B kom honum til hjálpar og ýtti árársarmönnunum af honum hefði hann fengið um tvö spörk til viðbótar. Öll spörkin hefðu verið í höfuðið og væri hann einungis meiddur á höfði en ekki annars staðar á líkamanum. A kvaðst ekki hafa viljað fara á slysadeild strax um nóttina en hefði farið þangað daginn eftir og reynst vera beinbrotinn í andliti og með taugaskemmd og þurft á aðgerð að halda. Samkvæmt læknisvottorðum sem eru á meðal gagna málsins hlaut A mélbrot á vinstra kinnbeini og mar yfir kinnbeininu og báðum gagnaugum. Gekkst hann undir aðgerð vegna kinnbeinsbrotsins 3. september 2022 og er með staðfesta skynskerðingu á vinstri kinn, auk þess sem vinstra auga er sjónarmun lægra en það hægra.
7. Hvorugur brotaþola kvaðst þekkja þá sem hefðu verið þarna að verki, en A kvaðst hafa aflað sér upplýsinga um einhverja þeirra með því að faðir hans hefði sett myndband með upptöku af atvikinu á netið og óskað eftir ábendingum. Hefðu þannig borist nafnlausar ábendingar um nöfn einhverra þeirra og þá hefðu stúlkurnar sem voru með þeim m.a. borið kennsl á ákærða Æ og kærustu hans. Nánar tiltekið kvaðst A hafa fengið ábendingar frá mörgum aðilum um nöfn ákærðu Þ, X og Z og að þeir þrír umgangist ákærðu XX og Æ og hefðu sést með þeim á myndum á netinu. Jafnframt hefðu brotaþolum borist upplýsingar um að ákærðu XX og Æ hefðu verið með þeim Þ, X og Z umrætt kvöld er árásin átti sér stað og hefði hópurinn m.a. sést í porti bak við [...] milli kl. 5:00 og 6:00 sama morgun. Í skýrslu B hjá lögreglu kom fram að honum hefðu borist upplýsingar um ákærða Æ frá A og kvaðst, eftir að hafa skoðað myndir af ákærða á Facebook, vera þess fullviss að hann væri sá sem hefði kýlt sig.
8. Gögn málsins bera með sér að lögreglurannsóknin beindist framan af einkum að því að hafa uppi á og bera kennsl á þá sem hlut áttu að máli sem meintir gerendur. Auk þess myndskreiðs sem vinkona brotaþola tók upp af hluta átakanna aflaði lögregla myndefnis úr eftirlitsmyndavélum við [...] sem sýndi sama hluta þeirra frá öðru sjónarhorni. Jafnframt aflaði lögregla myndefnis úr eftirlitsmyndavélum í [...] og [...] sem sýndi ákærðu, utan ákærða Ö, og tvær stúlkur sem með þeim voru ganga um [...] og [...] eftir að átökunum lauk. Á meðal gagna málsins eru einnig tvær upplýsingaskýrslur með greiningu á framangreindu myndefni, annars vegar skýrsla dagsett 14. apríl 2023 og hins vegar skýrsla dagsett 16. maí 2025. Í upplýsingaskýrslunum er lýst því sem fyrir augu ber á upptökunum og er nákvæmari lýsing og greining í síðari skýrslunni þar sem þætti hvers og eins málsaðila í hinni meintu líkamsárás er lýst með nokkuð nákvæmum hætti.
9. Teknar voru skýrslur af ákærðu með réttarstöðu sakbornings á tímabilinu 11. september 2023 til 20. desember 2023, auk þess sem teknar voru skýrslur af tveimur stúlkum með sömu réttarstöðu í desember 2023, en málið var fellt niður hvað þær varðar 1. júlí 2025. Þá gáfu skýrslu sem vitni tvær konur sem voru með brotaþolum umrætt sinn og fóru þær skýrslutökur fram 12. og 13. júní 2023. Gögn málsins bera ekki með sér að frekari rannsóknaraðgerðir hafi átt sér stað en að framan er rakið. Ekki eru efni til frekari reifunar á rannsókn og öðrum málavöxtum.

III

Röksemdir ákæruvaldsins

10. Af hálfu ákæruvaldsins er í aðalatriðum byggt á því að verknaðarlýsingar beggja kafla ákærunnar uppfylli nægjanlega skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 miðað við túlkun ákvæðisins samkvæmt æðri réttarframkvæmd. Verknaðarlýsingar ákærukaflanna séu skýrar og skilmerkilegar og í samræmi við það sem almennt hefur verið talið uppfylla skilyrði ákvæðisins þegar um samverknað í líkamsárásarmáli er að ræða. Löng venja sé fyrir því í slíkum málum að brotum sé lýst í ákæru með svona almennum hætti og fjölmörg dómfordæmi þar sem ákært er á þennan veg án þess að gerð hafi verið athugasemd við það. Verknaðarlýsingar ákærunnar séu orðaðar með þeim hætti að ákærðu geti gert sér grein fyrir hvað þeim er

gefið að sök, tekið afstöðu til sakarefnisins og haldið uppi viðhlítandi vörnum. Þá geti dómstólar fjallað efnislega um málið út frá hinu sama.

11. Þær upptökur sem liggja fyrir í málinu séu óskýrar og erfitt sé að sjá nákvæmlega hver ákærðu gerði hvað, eða hvar hvert högg eða spark lenti. Þá sýni upptökurnar ekki upphaf átakanna heldur einungis síðari hluta þeirra þar sem hópur manna sjáist ráðast á brotapolann A. Þótt ekki sjáist hver gerði nákvæmlega hvað sjáist þó að allir mennirnir tóku þátt í árásinni. Dómafordæmi sýni að menn hafi verið dæmdir sem samverkamenn, bæði með tilliti til afleiðinga sem og fyrir háttsemina sem slíka, þótt ekki sé hægt að sundurgreina nákvæmlega þátt hvers og eins. Að því er varðar þær upplýsingaskýrslur sem liggja fyrir í málinu um greiningu á myndbandsupptökum hafi síðari greiningin og skýrslan verið gerð að beiðni sækjanda í því skyni að reyna að greina betur þátt hvers og eins ákærðu í árásinni. Það hafi hins vegar verið talið rétt að orða verknaðarlýsingu ákærukafllanna ekki með nákvæmari hætti svo hendur dómsins væru ekki bundnar hvað þetta varðar.

IV

Röksemdir allra ákærðu varðandi I. kafla ákæru

12. Af hálfu ákærðu er í aðalatriðum vísað til þess að málatilbúnaður ákæruvaldsins, að því er varðar verknaðarlýsingar þessa ákærukafla, gangi gegn grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Um sé að ræða mikilvæg réttindi ákærðu sem njóti verndar samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Að þessu virtu verði að gera ríkar kröfur um skýrleika ákæru í merkingu c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 svo ákærðu geti komið að viðhlítandi vörnum. Þá verði ákæra að vera svo skýr og greinargóð að dómstólar geti fjallað efnislega um hana, sbr. 1. mgr. 180. gr. sömu laga.
13. Í gögnum málsins séu myndbandsupptökur og tvær upplýsingaskýrslur með greiningu lögreglu á því sem sést á upptökunum, en þetta séu aðalsönnunargögn málsins. Í upplýsingaskýrslunum, einkum þeirri síðari, sé sundurgreint eftir því sem unnt er og með nokkuð nákvæmum hætti hvað hver ákærðu gerði. Byggt sé á því af hálfu ákærðu að þessi gögn hafi gefið tilefni til þess að orða verknaðarlýsingu ákærukafllans með mun nákvæmari hætti en gert var. Þess í stað hafi öllum ákærðu verið gefið að sök að hafa framkvæmt allt sem sést á upptökunum. Óumdeilt sé hins vegar að ákærðu hafi haft sig mjög mismikið í frammi í árásinni og það sjáist á upptökunum. Fullt tilefni hafi því verið til þess, miðað við málgögnin, að hafa verknaðarlýsingu ákærunnar nákvæmari þannig að jafnframt væri lýst háttsemi hvers og eins ákærðu sérstaklega, eins og gert hafi verið í svo kölluðu Bankastrætismáli, sbr. dóm Landsréttar 31. október 2024 í máli nr. 44/2024, þar sem einnig hafi legið fyrir upptökur af atvikinu.
14. Með því að orða verknaðarlýsingu þessa ákærukafla með svo almennum hætti sé ákærðu gert ómögulegt að taka til varna með fullnægjandi hætti. Þá verði ákæran að endurspeglarannsóknina og þegar gögn gefi tilefni til, eins og sé í þessu máli, verði að greina sakarefnið í ákæru eins nákvæmlega og unnt er, enda kveði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 á um að í ákæru skuli „greina svo glöggt sem verða má“ þau atriði sem talin eru upp í a–f-liðum. Byggt sé á því af hálfu ákærðu að verknaðarlýsing ákærunnar uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laganna þar sem háttseminni sem ákært sé út af sé ekki lýst svo glöggt sem verða megi og rannsóknargögnin gefi tilefni til. Beri því að vísa þessum kafla ákærunnar frá dómi.

V

Röksemdir ákærða Æ varðandi II. kafla ákæru

15. Að því er varðar þennan kafla ákærunnar er byggt á því af hálfu ákærða að verknaðarlýsing hans uppfylli ekki, fremur en I. kafllinn, áskilnað umrædds ákvæðis laga um meðferð sakamála um skýrleika, sem gera verði ríkar kröfur til. Sé ákærða gefið að sök að hafa tvívegis veist að brotapolanum B og slegið hann með krepptum hnefa, a.m.k. einu sinni í höfuðið, en meintu síðara höggi sé á engan hátt lýst í þessum kafla ákæru, heldur einungis vísað til I. kafla ákærunnar í því sambandi, sem uppfylli á engan hátt skýrleikakröfur c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, eins og rakið hafi verið, enda sé meintu höggi

ekki heldur lýst í fyrri ákærukaflanum. Óskýrleiki fyrri ákæruávarnarinnar auki þannig á óskýrleika í hinum síðari. Verulega skorti á að verknaðarlýsingin tilgreini með nægilega skýrum hætti hvað ákærða sé gefið að sök í þessum ákærukafla. Enn fremur skorti á að verknaðarlýsingin eigi sér nægjanlega stoð í gögnum málsins. Allt framangreint torveldi varnir ákærða og eigi að leiða til frávísunar.

VI

Niðurstaða

16. Í máli þessu liggur fyrir að ákæruvaldið hefur höfðað sakamál á hendur öllum ákærðu fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás sem talin er varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. I. ákærukafla, og á hendur ákærða Æ einum fyrir líkamsárás sem talin er varða við 1. mgr. 217. gr. sömu laga, sbr. II. ákærukafla. Í 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga kemur fram skilgreining á sérstaklega hættulegri líkamsárás þar sem segir að hljótist stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja sem notuð eru, svo og ef sá sem sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu, þá varði brotið fangelsi allt að 16 árum. Í 1. mgr. 217. gr. laganna segir að hver sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem 218. gr. segir, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum, en fangelsi allt að einu ári ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.

Almennt

17. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal í ákæru greina svo glöggst sem verða má hver sú háttsemin er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Teljist ákæra ekki uppfylla þessar lágmarkskröfur um skýrleika, sem fram koma í c-liðnum, leiðir það til frávísunar málsins frá dómi. Í áðri dómaframkvæmd hér á landi hafa þessi lagafyrirmæli verið skýrð með þeim hætti að lýsing á þeirri háttsemin sem ákærðum manni er gefin að sök í ákæru verði að vera svo greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni hvaða háttsemin hann er sakaður um og við hvaða ákvæði refsilaga hann er talinn hafa gerst brotlegur. Mega ekki vera slík tvímæli um það hverjar sakargiftir eru að ákærða verði torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Verður ákærði að geta ráðið þetta af ákærunni einni og breytir þá engu hvort honum megi vegna rannsóknar málsins vera ljósar sakargiftir, ef þeim eru ekki gerð fullnægjandi skil í ákæru. Er hér um að ræða grundvallarreglu sem lýtur öðrum þræði að réttlátri málsmeðferð í merkingu 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995, og 1. mgr. og a-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá verður ákæra að þessu leyti að vera svo skýr að dómara sé kleift af henni einni að gera sér grein fyrir því hvað ákærði er sakaður um og hvernig sú háttsemin verði talin refsiverð svo unnt sé að leggja dóm á mál, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Er af þessu ljóst að ákæra bindur ávallt hendur dómsins, enda verður ákærði ekki sakfelldur fyrir aðra háttsemin en fram kemur í ákærunni, sbr. síðast greint lagaákvæði.
18. Það veltur nánar á atvikum máls og eðli meintra brota hversu ríkar kröfur eru gerðar um skýrleika verknaðarlýsingar í ákæru. Í sumum tilvikum er unnt að greina í ákæru ítarlega frá stað og stund brots og hvernig það er framið. Í öðrum tilvikum verður þessu ekki komið við með sama móti og það getur meðal annars átt við þegar sú refsiverða háttsemin sem ákærða er gefin að sök er álitin felast í fleiri hliðstæðum athöfnum í nánnum tengslum í tíma og rúmi (framhaldsbrot) eða þegar samverknaður er um brot. Í slíkum tilvikum getur verið óhjákvæmilegt að sakargiftum í ákæru sé lýst með almennari hætti en í öðrum tilvikum. Þótt þetta eigi sér trausta stoð í dómaframkvæmd verður allt að einu að gera svo ríka kröfu til skýrleika verknaðarlýsingarinnar að ákærða sé kleift að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi viðhlítandi vörnum, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 og a-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Ákærukafla I

19. Í máli þessu háttar svo til að verknaðarlýsing I. kafla ákæru er mjög almenns eðlis þar sem öllum ákærðu er gefið að sök að hafa í félagi veist með nánar tilgreindu ofbeldi að brotaþola með þeim afleiðingum sem greinir í ákærunni. Eins og rakið er að framan liggja fyrir myndbandsupptökur af þeirri háttsemi sem ákært er fyrir í þessum kafla ákærunnar, auk þess sem gerð hefur verið greining á því sem fram kemur á upptökunum og skrifaðar tvær upplýsingaskýrslur um þá greiningu þar sem lýst er með nokkuð ítarlegum hætti hver þáttur hvers ákærðu er talinn hafa verið í hinni meintu líkamsárás. Þótt í skýrslunum komi ekki í öllum tilvikum nákvæmlega fram hvar hvert högg eða spark lenti í brotaþola kemur þar þó fram með alveg skýrum hætti hver ákærðu hafi tekið brotaþola hálstaki, hverjir hafi sparkað í afturhluta hans og jafnframt að einhverju leyti hversu oft hver og einn ákærðu sést á upptökunum sparka eða slá í brotaþola. Í ákærukaflanum er hins vegar ekki gerð nein tilraun til að lýsa sérstaklega þætti hvers ákærða um sig í háttseminni sem ákært er fyrir.
20. Hér að framan er rakið að það geti ráðist af brotategund og eðli brots hversu miklar kröfur verða gerðar til nákvæmni í lýsingu á einstökum þáttum verknaðar. Þannig eru þess mörg dæmi í dómaframkvæmd að ekki sé gerð sú krafa að þætti hvers ákærða sé lýst sérstaklega þegar byggt er á því að þeir hafi haft með sér samverknað sem aðalmenn með verkskiptri aðild. Þó verður að gera þær kröfur til ákæru að hún endurspegli sem best þá háttsemi ákærðu sem rannsókn er talin hafa leitt í ljós. Verður þannig að skýra ákvæði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 svo að í ákæru skuli tilgreina þá háttsemi sem ákærða er gefin að sök með eins nákvæmum hætti og mögulegt er út frá þeim rannsóknargögnum sem fyrir liggja hverju sinni. Á þetta að mati dómsins jafnt við í málum þar sem samverknaður er um brot sem í öðrum málum. Í máli þessu liggja fyrir gögn um háttsemi ákærðu sem gáfu fullt tilefni til þess að taka upp í ákæru mun nánari lýsingu á háttsemi hvers og eins þeirra en gert var. Eiga því að mati dómsins ekki við þau sjónarmið um samverknað að ekki þurfi að lýsa með nánari hætti þætti ákærðu hvers fyrir sig, enda lágu fyrir gögn sem gerðu ákæruvaldinu kleift að lýsa háttseminni með nákvæmari hætti en oft er þegar um er að ræða líkamsárás í félagi.
21. Eins og að framan er rakið skiptir miklu máli að hlutlæg umgjörð verknaðarlýsingar sé svo skýr og greinargóð að ákærðu geti tekið til varna og þá ekki síður, eins og hér stendur á, að dómstólum sé unnt að leggja dóm á málið með fullnægjandi hætti út frá ákærunni. Að mati dómsins skortir verulega á að þessi atriði séu í því horfi að ákærðu geti haldið uppi viðhlítandi vörnum og jafnframt, út frá hinu sama, að dómstólar geti fjallað efnislega um málið án þess að halli á ákærðu. Er því að mati dómsins varhugavert að I. kafla ákærunnar komi í óbreyttri mynd til efnislegrar dómsmeðferðar. Að öllu framangreindu virtu verður I. kafla ákærunnar vísað frá dómi af sjálfsdáðum.

Ákærukafla II

22. Í II. kafla ákærunnar er ákærða Æ gefin að sök líkamsárás „með því að hafa tvívegis veist að B og slegið hann með krepptum hnefa, a.m.k. einu sinni í höfuðið, og í seinna skiptið í kjölfar þess að B kom A til aðstoðar sem ákærðu réðust á, sbr. ákærukafla I“, með nánar tilgreindum afleiðingum eins og greinir í ákærunni.
23. Sú háttsemi sem lýst er í þessum kafla ákærunnar er, eftir því sem best verður séð af gögnum málsins, að hluta til á upptöku, þ.e. það sem nefnt er „seinna skiptið“ og vísað til I. kafla ákærunnar í því sambandi. Eins og rakið er að framan liggja fyrir upplýsingaskýrslur með greiningum á því sem fram kemur á upptökunum. Að mati dómsins gefa þau gögn tilefni til þess að lýsa háttseminni með nákvæmari og skýrari hætti en gert er í þessum ákærukafla. Þess í stað er látið við það sitja að vísa til ákærukafla I sem hefur verið vísað frá dómi af sjálfsdáðum, sbr. hér að framan. Er þessi framsetning II. ákærukafla ruglingsleg að mati dómsins og skortir á að verknaðarlýsingin sé í því horfi að ákærði geti haldið uppi viðhlítandi vörnum og jafnframt, út frá hinu sama, að dómstólar geti fjallað efnislega um þennan ákærukafla án þess að halli á ákærða. Er að mati dómsins ekki fyllilega ljóst af verknaðarlýsingu þessa ákærukafla hvað ákærða er nákvæmlega gefið að sök, sem gerir honum erfitt fyrir um að taka til varna, enda á hann að geta

ráðið þetta af ákærinni einni. Þá hefur í þessum kafla ákærunnar ekki verið lagður fullnægjandi grundvöllur að máli, þannig að fella megí dóm á það samkvæmt því sem í ákærukaflanum segir, enda verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra háttsemi en þá sem í ákæru greinir, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Að þessu virtu er fallist á það með ákærða Æ að II. kafla ákæru uppfylli ekki skýrleikaskilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 og sé auk þess svo samtvinnuður I. kafla ákærunnar, sem hefur verið vísað frá dómi af sjálfsdáðum, að óhjákvæmilegt sé að verða við kröfu um frávísun þessa ákæruliðar frá dómi.

24. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður máli þessu vísað frá dómi í heild sinni, þar á meðal bótakröfum, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.
25. Með vísan til 2. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 234. gr., laga nr. 88/2008 ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð. Til þess kostnaðar telst þóknun skipaðs verjanda ákærða X, Snorra Sturlusonar lögmanns, þóknun skipaðs verjanda ákærða Y, Almars Þórs Möller lögmanns, þóknun skipaðs verjanda ákærða Z, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, þóknun skipaðs verjanda ákærða Þ, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, þóknun skipaðs verjanda ákærða Æ, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, þóknun skipaðs verjanda ákærða Ö, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, og þóknun skipaðs verjanda ákærða XX, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, eins og nánar getur um í úrskurðarorði, allt að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá telst einnig til sakarkostnaðar þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola A, Þórðar Más Jónssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola B, Kristínar Önnu Arnalds lögmanns, eins og nánar getur um í úrskurðarorði, allt að meðtöldum virðisaukaskatti.
26. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.
27. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi, þar með töldum bótakröfum.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða X, Snorra Sturlusonar lögmanns, 883.500 krónur, þóknun skipaðs verjanda ákærða Y, Almars Þórs Möller lögmanns, 883.500 krónur, þóknun skipaðs verjanda ákærða Z, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 1.095.540 krónur, þóknun skipaðs verjanda ákærða Þ, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, 954.180 krónur, þóknun skipaðs verjanda ákærða Æ, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 954.180 krónur, þóknun skipaðs verjanda Ö, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 883.500 krónur, þóknun skipaðs verjanda ákærða XX, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 954.180 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola A, Þórðar Más Jónssonar lögmanns, 530.100 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola B, Kristínar Önnu Arnalds lögmanns, 530.100 krónur.